

1855.  
6. júlí.

bær einnig að greiða kostnað þann er af þessu leiðir, samkvæmt grundvallarreglum í áður nefndu frumvarpi, og vildi jeg því, um leið og jeg hjer með sendi aptur uppdráttinn og ágizkunarreikninginn, er með fylgði, áður en meira er gjört í þessu efni, biðja herra stiptamtm. að leita álits bæjarstjórnarinnar um allt málið, og einkum um það, hvernig fengið verði fje það sem þarf til að koma þessu á stofn, ef að áður nefndur bær getur borið kostnaðinn, og væntir stjórnin að málið verði sent hingað með þeim athugasemdum, er yður kynni að virðast tilefni til.

11. ágúst. **39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar um að prússnesk skip sjeu undan þegin aukagjaldi því, sem ákveðið er eptir auglýsing 24. marz þ. á. fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.**

Þar eð fullgyld sönnun er færð fyrir því, að konungsveldið Prússland veiti skipum þegna Danakonungs fullkomið jafnrjetti við innlend skip í höfnum Prússaveldis, eru prússnesk skip, sem sigla til Íslands til verzlunar, samkvæmt auglýsing 24. marz þ. á., undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsing.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddj. Stephensen.*

16. ágúst. **40. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skort á nauðsynjavörum.**

Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hefur herra stiptamtm. vakið athuga stjórnarinnar á því, að síðan að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi fengu lagagildi 1. apríl þ. á., hafi yður vitanlega ekkert útlent skip komið á hafnir þær er lausar eru gefnar, nema eitt spanskt skip, er stórkaupmaður *Knudtson* hefði tekið á leigu og komið hefði til Reykjavíkur,